

EINBÚAVIRKJUN MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

MINNISBLAÐ

VERKNÚMÉR: 15026
VERKHLUTI: 002
HÖFUNDUR: SPS
RÝNT AF: ATS
DREIFING: Einbúavirkjun ehf.

DAGS.: 2020-08-11
NR.:

Efni: Svar við fyrirspurn um áhrif framkvæmda á nútímahraun

Inngangur

Skjálfafljót rennur eftir Bárðardal eins og kunnugt er. Dalurinn er grafinn í berg frá fyrri hluta nútíma og tvö nútímahraun, að minnsta kosti, hafa runnið eftir dalnum frá því jökla Ísaldar leysti í dalnum. Hraunin eiga bæði upptök á Dyngjuhálsi eða í nágrenni hans, langt frá virkjunarstaðnum. Yngra hraunið þekur dalbotninn á svæði Einbúavirkjunar. Hraunið er allgamalt á mælikvarða nútíma hrauna á Íslandi eða eldra en 6100 ára (1). Skjálfafljót hefur grafið sig niður í yfirborð hraunsins og myndað breiðan farveg, svo stóran að jökulhlaup hafa að öllum líkindum komið að gerð farvegarins. Fljótið hefur hreinsað burtu toppkarga hraunsins í farveginum og er botn hans gjarnan um 5 m neðan við yfirborð hraunsins á svæðinu.

Í álitinu sínu um matsskýrslu Einbúavirkjunar í Bárðardal telur Skipulagsstofnun „að ekki hafi verið sýnt fram á brýna nauðsyn [m.t.t. almannahagsmuna] fyrir röskun hraunsins og telur stofnunin að setja verði það sem skilyrði við leyfisveitingar að mun ítarlegri rökstuðningur liggja fyrir. Á framkvæmdasvæðinu liggur fyrir að á hluta þess er Bárðardalshraun hulið gróðri og jarðvegi en það á ekki við um allt svæðið og Náttúrufræðistofnun hefur bent á í umsögn sinni að hraunið hafi einkenni hefðbundins nútímahrauns. Skipulagsstofnun telur að dregið hafi að einhverju leyti úr verndargildi þessa hrauns á tilteknum köflum innan framkvæmdasvæðisins en að ljóst er að á öðrum svæðum mun verða rask á þessari jarðmyndun sem nýtur sérstakrar verndar og telur stofnunin að um verði að ræða áhrif sem séu umfangsmikil og óafturkræf og líta megi á sem talsvert neikvæð.“ Niðurstaða stofnunarinnar byggir einkum á umsögn Náttúrufræðistofnunar sem er rakin svona í álitinu: „Vissulega megi færa rök fyrir því að verndargildi þess sé lægra en nýrunnins hrauns, m.a. þar sem búið er að rækta tún en utan túnanna sést greinilega að um hraun er að ræða. Stærstur hluti aðrennslisskurðar virðist vera í túnum en frárennslisskurður er hins vegar í hrauni og á árbakkanum. Náttúrufræðistofnun telur því ekki hægt að fullyrða að jarðminjar svæðisins njóti ekki sérstakrar verndar eins og gert er í frummatsskýrslunni.“

Eldhraun (í flestum tilvikum er hér átt við nútímahraun, runnin eftir ísöld) njóta sérstakrar verndar í lögum um Náttúruvernd nr. 60/2013. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er klausa sem skýrir nánar takmörk verndunarinnar:

„Eldhraun sem er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistgerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni.“



Óskað var eftir því af framkvæmdaaðila að Verkís fengi jarðfræðing til að fara um framkvæmdasvæðið og kortleggja það með tilliti til verndargildis hraunsins og skila minnisblaði um niðurstöður sínar. Það sem rannsóknin þarf að svara er eftirfarandi:

- 1) Hve mikill hluti framkvæmdasvæðisins er nýmyndaður berggrunnur með upprunalegt yfirborð eldhrauns?
- 2) Hvert er umfang ummyndaðs eldhrauns (t.d. hulið jarðvegi, sandorpið) á framkvæmdasvæðinu?

Aðstæður á virkjunarsvæðinu

Verkís fór á staðinn 10-8-2020 og kortlagði aðstæður á staðnum í ljósi ofangreindrar fyrirspurnar, sjá meðfylgjandi kort.

Ekki sést mikið til hraunsins á virkjanasvæðinu nema við farveg Skjálfandafljóts, þar er það greinilegt sérstaklega í vesturbakka fljótsins en einnig austurbakkanum, sérstaklega rétt innan við Kálfborgará. Hraunkarginn gægist upp úr mólendi með runnum beggja vegna árinna.

Innar í dalnum sést betur til hraunhólana þar sem lítinn jarðveg er að finna. Þar er yfirborð hraunsins ójafnt og hugsanlega gætu einhverjir hólar verið gervigígar en vatn virðist hafa flætt á milli hólana. Norðar í dalnum verður jarðvegsþekjan á hrauninu meira áberandi og þykkari og á virkjunarsvæðinu hylur jarðvegur hraunið nær alveg og aðeins kollar áður nefndra hóla standa upp úr jarðvegsþekjunni, sjá meðfylgjandi kort. Sá hluti hraunkargans sem er sýnilegur er aðallega óreglulega dreifðir hólar sem standa upp úr jarðveginum. Dreifing hólanna gæti bent til þess að þeir séu að hluta til leifar gervigíga. Einn slíkur er sjáanlegur í vesturbakka árinna gegnt bænum Einbúa en áin hefur rofið hann þannig að form gígsins er greinanlegt.

Jarðvegurinn á virkjanasvæðinu er dálítið ójafn og hann virðist laga sig að ójöfnu yfirborði hraunsins undir. Þennan jarðveg mætti kalla „mólendi með runnum“. Uppruni jarðvegsins er að líkum áfok frá umfangsmiklum uppblásturssvæðum innar í dalnum (t.d. innan við Mýri í Bárðardal við Íshólsvatn o.fl.). Jarðvegurinn er undirstaða túnanna á staðnum.

Óraskað hraun á mannvirkjasvæðinu er mjög fátítt og finnst aðeins á afmörkuðum blettum á yfirborði, sjá meðfylgjandi kort. Hvergi er að finna óraskað samfellt svæði nærri mannvirkjum. Eini staðurinn þar sem gróður hylur ekki samfellt hraunasvæði er dálítið nes út í ána rétt sunnan við Kálfborgará, en áin hefur runnið þar yfir og skolað hraunkargann og raskað honum þar með. Sá staður er ekki nærri mannvirkjum., sjá meðfylgjandi kort.

Eini staðurinn á framkvæmdasvæðinu þar sem ójafnt yfirborð hrauns er að nokkru sýnilegt, er svæðið frá áætluðu stöðvarhúsi að Kálfborgará. Það svæði er samt nær alveg hulið gróðri og núverandi áætlanir framkvæmdaaðila miða við að vatnið verði leitt um jarðgöng á þessum kafla

Niðurstaða

Mikill meirihluti vatnsvega virkjunarinnar liggja um eldhraun. Stöðvarhús og hluti aðrennslisskurðar er þó utan hraunsins.

Nær allt hraunið er þakið gróðri á mólendi og ræktuðum tünnum eða hefur raskast á einhvern hátt t.d. af vatnsrennslis árinna. Einungis litlir blettir af óröskuðum hraunkarga sjást á framkvæmdasvæðinu. Þeir eru mest áberandi þar sem jarðgöngum er ætlaður staður


Vandséð er að hraunið á mannvirkjasvæðinu uppfylli skilyrði um sérstaka vernd eldhrauna ef litið er til gróðurhulu hraunsins og skilgreiningar um undantekningu frá verndinni sem vísað er til í inngangi minnisblaðsins.



Myndir



Mynd 1: Myndin er tekin við þjóðveginn eftir aðrennsliskurðinum við bæinn að Kálfborgará. Skurðurinn mun liggja rétt vinstra megin við heyrúllurnar (hvítar) á miðri mynd



Mynd 2: Horft til norðurs eftir stæði aðrennsliskurðar. Í forgrunni er kargahóll sem lendir í skurðinum. Hóllinn er dæmigerður fyrir kargahólana á svæðinu



Mynd 3: Horft til suðurs eftir stæði aðrennslisskurðar yfir gróskumikið mólendi með fjalldrapa og víði. Hvergi sér á hraunkargann á myndinni. Skurðstæðið er vinstra megin við ljósleit bílflök á myndinni.



Mynd 4: Myndin er tekin á sama stað og mynd 3 hér að framan en til norðurs eftir skurðstæðinu í átt að væntanlegu stöðvarhúsi. Líklega liggur jaðar hraunsins eftir túninu til hægri á myndinni en það sést ekki á staðnum. Gíska verður á legu hraunjaðars út frá hæðarlínum á þessu svæði.



Mynd 5: Stæði frárennslisskurðar (ef sá kostur er valinn) Skurðurinn stefnir upp miðja myndina í átt að stöðvarhúsi sem er lítillega til hægri á vinstra megin við ljósan blett á myndinni. Lítillega sést í karga á myndinni (í jaðri myndarinnar til vinstri) Skurðurinn mun snerta þrjá kargabletti svipaða þeim sem vísað er til hér að ofan, sjá einnig mynd 6.




Mynd 6: Lega frárennslisskurðar (eða jarðganga) frá stöðvarhúsi að Kálfborgará. Skurðurinn sneiðir að miklu leyti hjá kargahólunum (fjólubláir á myndinni) en snertir þó þrjá þeirra. Myndin sýnir sama svæði og mynd 5.



Mynd 7: Horft til norðurs að Kálfborgará. Frárennslisskurði er ætlaður staður á vel grónum árbakkanum á miðri mynd. Dökki hjallinn til vinstri á myndinni er vatnsnúið hraunið. Lítið sem ekkert sést af óröskuðu hrauni.



Mynd 8: Myndin er tekin á sama stað og mynd 7 en horft til norðurs. Árbakkinn er vel gróinn og gróf möl í eyrinni. Hraunið sést hægra megin á myndinni. Það er mjög vatnsnúið þar sem í það sést en vel gróið á milli.



Einbúavirkjun- Landnotkun

- Farvegur
- Hraunkargi
- Landbúnaðarland
- Mólendi með runnum
- Raskað land
- Árset
- Hraunkantur

Fyrirhuguð mannvirki eru sýnd með svörtum línun. Kortgrunnur: Svarmi

